

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 27. febrúar, kl. 09:00 var haldinn 1819. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Lyfjastofnunar, kt. 670900-2740, dags. 14. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; mötuneyti (Mötuneyti Lyfjastofnunar), þar sem matvæli koma tilbúin á staðinn til upphitunar, að Vínlandsleið 14, F2307050, rými 02 0302. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Eyjatúns ehf., kt. 550121-0930, dags. 16. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli, ávexti og grænmeti (Bláhornið) að Grundarstíg 12, F2006781, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Þríundar hf., kt. 641195-2199, dags. 14. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir krá (Spennustöðin Sportbar) að Höfðabakka 1, F2213246, rými 02 0103. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs kt. 530269-7609, dags. 21. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; mötuneyti ásamt framleiðslu og dreifingu tilbúinna rétta (Mötuneyti aldraðra Vitatorg) að Lindargötu 59, F2216769, rými 05 0202. Tímabundið leyfi til 6 mánaða.
Samþykkt að veita starfsleyfi tímabundið til 27. ágúst 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Verzlun Jóns Þórðarsonar ehf., kt. 610125-0260, dags. 9. desember 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Verzlun Jóns Þórðarsonar) að Þingholtsstræti 1, F2004361, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. janúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 28. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Verzlun Jóns Þórðarsonar ehf., kt. 610125-0260, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Verzlun Jóns Þórðarsonar) að Þingholtsstræti 1, F2004361, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili

geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

7. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 21. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir sambýli (Sambýlið Sólheimum) að Sólheimum 21b, F2260717, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli*.
8. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 20. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir félagsmiðstöð (Félagsmiðstöðin Próttheimar) að Holtavegi 11, F2020465, rými 02 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir frístundaheimili og aðra félagsstarfsemi grunnskólabarna*.
9. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssviðs - skrifstofu framkvæmda og viðhalds, kt. 530269-7609, dags. 29. júlí 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi á millilager og til endurnýtingar í fyllingar vegna gatnagerðar á Esjumelum (Kalkslétta, Málmslétta og við Norðurgrafarveg). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 31. maí 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, skrifstofu framkvæmda og viðhalds vegna móttöku á úrgangi á millilager og til endurnýtingar í fyllingar á Esjumelum*.
10. Lögð fram umsókn JVP flutninga ehf., kt. 571214-0400, dags. 9. september 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir flutning á spilliefnum (JVP flutningar) að Dísaborgum 3, færanleg starfsemi. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning á spilliefnum*.
11. Lögð fram umsókn Fóðurlöndun ehf., kt. 550169-0889, dags. 12. febrúar 2025 um endurnýjun á starfsleyfi fyrir framleiðslu á húsdýra- og fiskieldisfóðri að Korngörðum 12, F2015895, rými 01 0101.
Samþykkt að framlengja starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu eða að hámarki í 1 ár, þ.e. til 19. febrúar 2026, sbr. heimild í 4. mgr. 6. gr. *Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*.

Fundi slitið kl. 10:10

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson